

Rekstrarstefna fjármál.

Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur skal standa undir rekstri, endurbótum, tækninýjungum og arðsemiskröfu eiganda af því fjármagni sem bundið er í starfsemi félagsins, að teknu tilliti til tekjuheimilda þar sem það á við.

Áætlanagerð í rekstri og framkvæmdum skal vera vönduð og skilvirk. Ávallt skal leitast við að tryggja góða nýtingu fjármuna og rekstrarfjár. Áætlanir skulu ávallt rúmast innan tekjuheimilda og arðsemiskrafna þar sem við á.

Stjórn félagsins skal ákveða gjaldskrá hverju sinni. Nái hún til gjaldaliða sem falla undir ákvörðunarvald sveitarstjórnar, öðlast hún ekki gildi fyrr en að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Sveitarstjórn skal kynnt fjárhags- og framkvæmdaáætlun hvers árs.

Stjórn félagsins skal koma á áfallasjóði/varasjóði hjá félaginu og móta stefnu um uppbyggingu hans og stærð. Gera skal grein fyrir áætlunum um uppbyggingu slíks sjóðs í fjárhagsáætlun hvers árs.

Stjórn skal við áætlanagerð á hverju ári setja félaginu markmið fyrir komandi ár, þ.á.m. um EBIDTA-afkomu, eiginfjárlutfall í lok árs, áætlaða ávöxtun eigin fjár í hverjum rekstrarþætti félagsins og hreint veltufé frá rekstri.

Stjórn skal við áætlanagerð og uppgjör aðgreina hvert rekstrarsvið (hitaveita, vatnsveita, fráveita o.s.frv.) félagsins sérstaklega.

Við áætlanagerð skal tryggð að fjárfestingarstefnu félagsins sé fylgt.

Mælikvarðar:

- Arðsemiskrafa og arðsemi hvers rekstrarþáttar

7% af rekstri hitaveitu (skv. lögum um rekstur hitaveitna)

Ekki er heimil arðsemi af starfsemi vatns- og fráveitu skv. núgildandi regluverki.

- EBIDTA afkoma

Hlutfall EBIDTA skal vera að lágmarki 45% af rekstrartekjum grunnstarfsemi félagsins.

- Eiginfjárlutfall

Stefnt skal að því að eiginfjárlutfall félagsins fari að jafnaði ekki undir 5%.

- Staða varasjóðs / áfallasjóðs

Stofnaður verði varasjóður til að mæta óvæntum áfallum. (skoða núverandi innistæður á reikningum félagsins).